

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík



ÍS AF JARÐAR BÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Ísafjörður, 6. maí 2020
Tilv. 2020010042

Efni: Eftirfylgni tillagna starfshóps í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri

Með bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 21. apríl sl., var óskað eftir því við Ísafjarðarbæ og almannavarnardeild Ríkislöggreglustjóra, að vinna að samantekt um þann kostnað sem fallið hefur til hjá bæjarféluginu, rekstraraðilum, félagasamtökum og einstaklingum vegna tjóns, að frátöldu rekstrartjóni, sem tengjast snjóflóðunum sem fíllu á Flateyri, þann 14. janúar sl.

Almannavarnardeild RLS hefur falið aðgerðastjórnum, þ.e. Lögreglustjóranum á Vestfjörðum, að taka saman kostnað vegna annarra viðbragðsaðila, þ.e. lögreglunni á Vestfjörðum, björgunarsveitum og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, sbr. tölvubréf, dags. 28. apríl sl.

Meðfylgjandi bréfi þessu er samantekt Ísafjarðarbæjar, vegna þess kostnaðar sem fallið hefur til hjá sveitarféluginu. Er um að ræða útlagðan kostað og þann kostnað sem áætlað er að muni falla til á næstu vikum og mánuðum.

Heildarkostnaður sveitarfélagsins er alls kr. 38.937.708, en útlagður og þegar greiddur kostnaður er kr. 13.293.521. Hreinsunarstarf er að hefjast nú þegar snjóa leysir, og má sjá á meðfylgjandi yfirliti áætlaðan kostnað við hreinsun og viðgerðir vegna ýmiss tjóns, kr. 25.644.187. Verður unnið að þessum verkefnum næstu vikur og mánuði, en gögn vegna raunkostnaðar verða senda inn síðar þegar hann liggur fyrir.

Sveitarfélagið hefur auglýst eftir því að einstaklingar og rekstraraðilar sendi inn upplýsingar vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir, sbr. bréf ráðuneytisins. Er frestur til skila 11. maí nk. Gögn vegna þessa verða send ráðuneytinu í kjölfarið.

Sveitarfélagið leggur áherslu á mikilvægi áframhaldandi stuðnings ríkisins við úrlausn þessa stóra verkefnis. Afleiðingar snjóflóðanna voru miklar, fyrir samfélagið og innviði. Nauðsynlegt er að sveitarfélagið hafi fjárhagslegt bolmagn til að sinna uppbyggingu, viðgerðum og hreinsun á Flateyri, auk fyrsta viðbragðs dagana eftir flóðin. Stuðningur ríkisins er mikilvægur þáttur í þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,

Breyndís Ó. Jónsdóttir
sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármála,
bæjarritari Ísafjarðarbæjar

Kostnaður ísafjarðarbæjar vegna snjóflóða á Flateyri 14. janúar 2020

Útlagður kostnaður	Bókunardeild	Skýring	Fjárhæð
Almannavarnardeild, 7400	Vistir AST á virkjunartíma		36.306
Almannavarnir, 7410	Aðgerðastörf, vistir, eldsneyti, ibúafundur		158.491
Náttúruhamfarir, 7420	Viðgerðir, sálgaðsla, vélaflutningur, björgunarsveitir, gisting		4.439.761
Snjómokstur, 10610	Snjómokstur, opnum vegar fyrir viðbragðsaðila í kjölfar flóða		3.515.645
Höfn, 41060-41110	Viðgerðir, flutningur, vélavinna, kranavinna- og leiga, flotbryggja, ljósamastur, hyfing, lýsing, vistir, gisting sérfir.		3.254.360
Áhaldahús	Yfirvinna við viðgerðir og hreinsun		64.345
Höfn, 41060-41110	Yfirvinna við viðgerðir		794.000
Slökkvilið 07210	Yfirvinna starfsmanna, viðbragðsaðilar		572.000
Velferðarsvið, 02020	Sálgaðsla, sálfraðibjónusta, sérfraðibjónusta		458.613
Alls		<u>13.293.521</u>	

Áætlaður kostnaður - gjaldfærður næstu vikur/mánuði

Bókunardeild	Skýring	Fjárhæð
Höfn, 41060-41110	Hreinsunarstarf á hafnarsvæði og botni hafnar; viðgerðir og endurbætur, ljósamastur, rafmagn, vatnslagnir, hafnarskúr, flotbryggja, landstöppull, Sjótækní, Tæknijónusta	9.550.000
Höfn, 41060-41110	Förgun Orra íS, ótryggt skip, kostnaður sem ekki verður innheimtur af eiganda	4.000.000
Eignasvið, 08230 o.fl.	Hreinsunarstarf og endurbryggingar í bænum, á lóni og við varnargarð, förgunkarkostnaður, Orkuver ehf.	6.500.000
Áhaldahús, 33200 o.fl.	Viðgerðir og hreinsun	3.853.868
Áhaldahús, 61130	Hreinsun holræssa	880.000
Velferðarsvið, 02020	Sálgaðsla, sálfraðibjónusta, sérfraðibjónusta	860.319
Alls útlagður kostnaður og áætluð	<u>25.644.187</u>	

Alls tjón ísafjarðarbæjar, greitt og áætlað 38.937.708

* Yfirvinna starfsmanna ísafjarðarbæjar (síðkviklið, áhaldahús, höfn)

Eingögnum er tiltekin kostnaður vegna yfirvinnu starfsmanna sem ekki hefði komið til nema vegna snjóflóðanna.

Nauðsynlegt var að sinnu ákvæðnum verkefnum, utan og aukð við hefðbundinn vinnumáta, til að vernda einstaklinga/fjármuni

Almenn dagsvína er ekki tilgreind í útlögðum kostnaði, þrátt fyrir að starfsmenn hafi eingöngu sinnt verkefnum tengdum snjóflóðunum, og ekki öðrum daglegum verkefnum.